



Stoltur eigandi að Plymouth frá 1947. Kjartan gerði upp sambærilegan bíl þegar hann fékk bílpróf sautján ára.



Chevrolet frá 1947, sem brá fyrir í einu myndbanda HLH-flokksins á sínum tíma.



Kjartan og Þorgeir sonur hans sinna almennum viðgerðum á verkstæði sínu í Kópavoginum. Hér eru þeir með Morris Ken frá 1947.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fornbílar eru okkar ær og kýr

Fornbílar eru aðaláhugamál feðganna og bifvélavirkjanna Kjartans Friðgeirssonar og Þorgeirs Kjartanssonar, sem reka saman bílaverkstæði á Smiðjuvegi.

Feðgarnir Kjartan Friðgeirsson og Þorgeir Kjartansson eiga og reka Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs á Smiðjuvegi í Kópavogi. Báðir eru miklir áhugamenn um fornbíla og hafa áratuga reynslu af viðgerðum og viðhaldi á slíkum bifreiðum, sinna eigin og annarra, að sögn Kjartans.

„Þetta hefur fylgt okkur feðgum um langt skeið, verið

svona hálfgerð aukabúgrein meðfram almennum viðgerðum á bílum,“ segir Kjartan, sem kveðst ekki hafa tölu á þeim fornbílum sem hann hefur gert upp í gegnum tíðina. „Nei, ætli þeir skipti ekki einhverjum tugum.“

Kjartan er bifvélavirkjameistari að mennt, nam sína iðn við Iðnskólann í Vestmannaeyjum í kringum 1960 og hefur starfað við bílaviðgerðir síðan. „Maður hefur unnið svo lengi við þetta að ég man eftir því þegar þessir gömlu skrojóðir sem maður er að gera við í dag voru nýir úr kassanum,“ segir hann og hlær og bætir við að síðan hafi miklar breytingar orðið á bílaiðnaðnum.

„Í gamla daga hafði maður ekki undan við að gera bílana upp, smíða þá aftur og aftur upp, meðal annars þar sem samgöngur voru mun verri, eintómir malarvegir, þvottabretti og holur. Innflutningurinn var líka miklu minni en nú, þannig að það varð að nýta það sem til var. Á móti eru bifreiðarnar að sumu leyti miklu sterkari í dag, að minnsta kosti vélarnar,“ segir hann og kveðst ekki skilja hvers vegna fólk hendi oft illa nýttum bílum frá sér. „Bílar eru hvort eð er léleg fjárfesting og því borgar sig að halda í þá meðan þeir eru ekki orðnir illa ryðgaðir.“

Kjartan segir ódrepanði



Plymouth frá árinu 1947 sem Kjartan var átta ár að dunda sér við heima í bílskúr.

Gerðu bílinn betri!

arctictrucks.is

Palldúkar

Viair loftdælur
í tösku og innbyggðar

Come-up spil
í mörgum stærðum

Dekk og felgur
á flestir gerðir jeppa

Húddhlifar
Gluggavindhlifar
Ljósahlifar

Pallhús

Grillgrindur

Pallkistur og ferðabox

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

áhuga á fornbílum meðal annars hafa ráðið því að hann hafi enst jafn lengi í bransanum og raun beri vitni. Til marks um það hafi hann og reyndar þeir feðgar báðir lengi verið virkir meðlimir í Fornbílaklúbbi Íslands. Síðustu ár hafi hann hins vegar reynt að minnka við sig í vinnu sökum aldurs, kannski látið eftir sér að taka einn og einn „skrojó“ þegar minna hafi verið að gera. Um þessar mundir er hann að dytta að einum, Morris frá árinu 1947, sem er í eigu Þorgeirs. „Þetta er bíll sem var í notkun

í Reykjavík fram til ársins 1980 og á sér því sína sögu. Ég hef ekki haft tíma til að sinna honum almennilega fyrr en nú, get leikið mér í honum ef ég nenni að vakna, og við erum um það bil hálfnaðir feðgarnir, eigum bara eftir fram- og afturpartinn,“ segir hann. Bætir glettinn við að þannig séu alltaf einhver verkefni sem togi í hann.

„Það hefur komið sér vel að þekkja þessar gömlu aðferðir í gegnum tíðina, enda hefur það sýnt sig að það er víst alltaf þörf á þessari frumbyggjavinnu.“ -Ive



Klæðið í bílnum er saumað hér heima. Annað er að mestu upprunalegt og uppgert.